


Leiklist
Myndlist
Tónlist

um helgina

Kvikmyndir
Skemmtanir
Félagslíf o.fl.Guðrún Sigríður Friðbjörnsdóttir.
— Ljós.-eik.Söngnám
er ekki
„skynsamleg“
fjárfesting

„Ég ætti líklega bæði hús og bíl ef ég hefði ekki farið út í þetta dýra nám. Að því leyti er þetta ekki skynsamleg fjárfesting. Þetta er hins vegar spurning um hvað manni finnst skipta máli í lífinu,“ sagði Guðrún Sigríður Friðbjörnsdóttir, sem heldur tónleika á Egilsstöðum um helgina. Hún hefur stundað söngnám erlendis í mörg ár, lengst af við Guildhall school í London.

Guðrún hefur valið sér ákveðið tema á þessum tónleikum, en það er líf og ástir kvenna. Löggin eru frá fjölmörgum löndum, þjóðlög og ljóðalög, auk íslenskra laga. Þessa dagskrá flytur Guðrún einnig í Neskaupstað um næstu helgi.

Við spurðum Guðrúnu hvernig væri að lifa af söng á Íslandi:

„Það er alls staðar erfitt að lifa af því að vera konsertsöngvari, nema helst í London. Það er kannski dálítið mótsagnakennt, því að eins og allir vita er yfirleitt mjög erfitt að búa í London. Atvinnuleysið er gífurlegt og verðbólgan sömuleiðis. En þar eru ekki gerðar miklar kröfur um lífnáðarhætti og hægt að fá að syngja heilmikið, þótt kaupið sé ekki hátt. Hér spyrja hins vegar allir: „Er eitthvað upp úr þessu að hafa?“ Og hér eru gerðar miklar kröfur til fólks hvað lífnáðarhætti snertir. Ísland er ekki milt land fyrir listamenn, þótt margir séu að fást við listir. Fólk telur það t.d. ekki vinnu að undirbúa tónleika.“

„Hvernig finnst þér tónlistarlífið hér?“


„Það er ótrúlega mikil breidd hér og mikil starfsemi miðað við hvað við eigum stutta tónlistarsögu að baki. Hins vegar er ekki mikill greinarmunur gerður á tómstundaíðju og fagmennsku í þessum efnum. Íslenska Ríkisútvarpið hlýnnir illa að söngvurum og þeir sitja alls ekki við sama borð og t.d. hljóðfærleikarar. Söngvarar fá aðeins eina upptöku á ári og konsertar íslenskra söngvara eru ekki teknir upp. Það er mjög undarlegt að þetta ástand skuli ríkja á höfuðbóli Guðmundar Jónssonar,“ sagði Guðrún.

Undirleikari á tónleikumunum, sem eru í Valaskjálfi kl. 5 á sunnudag, er Anna Norman. Þá er Guðrún að undirbúa jólatónleika 12. desember í Neskirkju með Reyni Jónassyni og í janúar verða aðrir tónleikar með Ólafi Vigni, en þá dagskrá syngur hún einnig í London bráðlega.

—ps

Halldór
B. Runólfsson
skrifar

Karólína Lárusdóttir opnaði sýningu um helgina á Kjarvalsstöðum. Þetta er stór sýning með um 200 verkum, olíumyndum, vatnslitategningum og þrykkmyndum. Karólína hefur verið búsett á Englandi undanfarnir 17 ár, en þangað hélt hún til náms árið 1964 og stundaði nám við St. John's College í Whitechapel og The Ruskin School of Art. Hún gerði hlé á listnámi sínu um 10 ára skeið til að stofna heimili, en 1977 tók hún upp þráðinn að nýju, nam grafík við Barking College of Art. Ári síðar tók hún að sýna sjálfstætt og með öðrum.



Karólína á Kjarvalsstöðum

Ekki er mér fullkunnugt á hve löngum tíma Karólína hefur unnið þessar myndir sínar, en heildin er nokkuð ósamstæð. Bendir það til þess að Karólína sé enn að þreifa fyrir sér um tjáningarform sem gæti hentað henni. Hún er ekki fullmótaður listamaður, og gætir enn í myndum hennar nokkurrar skóla-tækni. Hafi maður þetta í huga tel ég að Karólína hefði betur grísjáð þetta 200 mynda safn og sýnt smærra en heilsteypara úrtak.

Sýningar geta verið afrakstur tímabils sem er misjafnt og margþætt, eða afurð glímu listamannsins við skýrt afmarkað vandamál sem sett er fram með samfelldum hætti. Kannski má líkja þessu við bókmenntaverk, þar sem annars

vegur er um að ræða smásagnasafn, en skáldsögu í hinu tilfellinu. Hvort tveggja krefst skipulagsgáfu og útsjónarsemi þar sem listamaðurinn vegur og metur sýningar-salinn og það sem þar er sýnt. Þar verður magn að haldast í hendur við gæði.

Karólína hefði mátt huga betur að þessu, vegna þess að margar ágætir myndir hennar og myndraðir njóta sín ekki sem skyldi vegna magnsins. Því verða myndir hennar oft óljósar sem ella hefðu haldið fullum styrk sínum.

Takist mönnum að einangra hverja mynd fyrir sig, má finna ágæt tilþrif. Karólína hefur næman skilning á hinu ljóðræna í hversdagsleikanum. Henni tekst að

miðla innilegum stemmningum til áhorfandans með nokkuð ljósmyndrænu raunsæi, lálausu og einföldu. Einna bestar þykja mér grafíkmyndir hennar. Virðist listamanninum henta einkar vel að vinna litlar ætingarmyndir, litaðar eða svart-hvítar. Vatnslitategni Karólínu er einnig næm, takist henni að losa svolitíð um reglur og strangan aga í gerð þeirra.

Olíumyndirnar eru kannski veikasti hlekkurinn í sýningu Karólínu, þótt mörg málverka hennar séu með því betra sem hún sýnir. Hér skortir ögn á að hún skynji eðli og möguleika olíulitanna, t.d. hvað varðar áferð og tónun. Blöndun lita í olíumálverki er mjög ólík vatnslitablöndun eða litanotkun í

þrykki. Ræður pensilfarið miklu og ákvarðar jafnvel endanlega ásýnd málverksins. Á þetta einkum við um myndir af því tagi sem Karólína málar. Þær þurfa ríkari áherslur og fylltari litameðferð til að blómstra að fullu.

Ef frá eru taldir þeir skafankar sem áður eru nefndir, lofar sýningin góðu. Karólína býr yfir þeim fitons-anda sem þarf til að ná langt á listabrotunni. Hingað til hefur hún ekki haft mikinn tíma til að hlýða köllun sinni, né marka sér braut óháða skólalærdómi. En ef lítið er yfir afraksturinn er engin ástæða til að efast um framhaldið. Það er ekki spurning um hæfileika heldur hvernær og hvernig þeir springa út.

„Galdrakarlinn í Oz“

Frumsýning
á sunnu-
dagskvöld
í Mosfells-
sveitinni

„Það er að ýmsu leyti mjög erfitt að vera svona nálægt höfuðborginni. Við þyrftum að vera lengra í burtu. Þrátt fyrir samkeppnina við höfuðborgina reynum við að halda uppi hér öflugum félags- og menningarlífi og það er ekki hægt að segja en að menn kunni að meta það, því aðsóknin hefur verið ágæt,“ sagði Jón Sævar Baldvinsson, gjaldkeri leikfélags Mosfellsuveitar, en þar verður um helgina frumsýnt barnaleikritið „Galdrakarlinn í Oz.“

Leikstjóri er Sigríður Þorvaldsdóttir, en hún lék aðalhlutverkið, Dórotheu, þegar verkið var sýnt í Þjóðleikhúsinu fyrir allmörgum árum. Leikmynd gerir Fanny Valgarðsdóttir. Við spurðum Jón Sævar, hvort ekki væri erfitt að fá



Frá æfingu á Galdrakarlinum.— Ljós.-eik

söngkrafta í verk af þessu tagi. Hann sagði að það hefði gengið ágætlega að þessu sinni, en alls taka um 35 manns þátt í sýningunni sem frumsýnd er kl. 20.00 á sunnudagskvöld.

Þetta er 7nda leikár leikfélagsins og í annað sinn sem það sýnir barnaleikrit. Við spurðum Jón hvort

hann væri ekkert smeykur við aðsóknina:

„Nei, við sýndum „Mjallhvíti“ hér fyrir nokkrum árum og það má segja að allir krakkar hér í nágrenninu hafi komið að sjá hana. Að visu er nú komið vídeó, en ég treysti því að fólk taki þetta fram-yfir.“

Því má bæta við að leikfélagið hefur haft mikla samvinnu við bókasafnið í Mosfellsveitinni og gengist fyrir bókmenntakynningum o.fl. Tvær kynningar verða fyrir jól á nýjum bókum, nú á mánudaginn kemur Auður Haralds í heimsókn og síðar verður fjallað um bréfin hans Þórbergs. —ps